

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2017

Tilgangurinn með því að skrifa skýrsluna er aðallega sá að fá mig til þess að meta heildstætt hvernig mér gekk að framkvæma sumarmarkmið ársins, og birting hennar að veita sjálfum mér aðhald svo ég geti ekki afskrifað mistök þegjandi og hljóðalaust ásamt því að veita öðrum tækifæri til að læra af því sem ég gerði vel og illa. Engin skýrsla liggur fyrir um framkvæmd sumarmarkmiða ársins 2015 né vegna ársins 2016.

Á sumarmarkmiðalista ársins voru sett 22 aðalmarkmið og 23 uppfyllingarmarkmið.

Efnisyfirlit

Ferlið í gróflega stuttu máli.....	2
Skilyrði markmiða.....	2
Lokafresturinn.....	2
Tillögur.....	2
Grundvallarforsendur markmiða.....	3
Mælanleikareglan.....	3
Reglan um augljós lok.....	3
Raunhæfisreglan.....	3
Röðun á markmiðalistann.....	4
Eftirfylgni með tillögum.....	4
Staða ókláraðra markmiða eftir lokafrestinn.....	4
Markmið tímabilsins.....	5
Aðalmarkmið.....	5
Uppfyllingarmarkmið.....	6
Áfangatímatafla.....	7
Skýringar og lærdómur af framkvæmdinni.....	11
Klára að skanna tíu árganga af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 & Klára að skanna alla árgangana af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 sem ég hef í fórum mínum.....	11
Klára einn leik af París.....	12
Klára að skanna inn bréfapóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum.....	12
Klára húsnúmerasöfnun fyrir OpenStreetMap í tilteknum fjölda sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins.....	13
Bæta tiltekinn fjölda af greinum á íslensku Wikipediu með því að þýða gæða- og/eða úrvalsgreinar á ensku Wikipediu.....	13
Setja inn 500 hljóðupptökur á Wikimedia Commons þar sem borin eru fram ýmis íslensk sérheiti.....	14
Horfa á tiltekinn fjölda kvikmynda sem ég hef ekki séð af topp 250 lista IMDb.....	14
Reisa spilahús (card house).....	15
Uppfyllingarmarkmið.....	15
Endurtekning markmiða.....	15
Réttlætningar á ókláruðum markmiðum.....	16
Samanburður við fyrri skipti.....	17
Hvað er framundan?.....	17

Ferlið í gróflega stuttu máli

Fyrst eru sett saman gróf drög að þeim grundvallaratriðum markmiðalistans, meðal annars skráð þau skilyrði sem markmið þurfa að uppfylla til að teljast tæk á listann, ákvörðun tímasetningar tillögufrestarins og lokafrestarins (til að ljúka markmiðunum). Síðan er send út beiðni um tillögur til vina og vandamanna eftir því sem tækifæri gefst. Þegar tillögufrestinum lýkur hefst vinnan við að raða þeim inn á markmiðalistann. Þegar markmiðin hafa verið formlega sett má hefja vinnuna við að klára þau. Þegar lokafresturinn er liðinn er farið yfir tímabilið og staðan metin út frá því.

Skilyrði markmiða

Í grunni séð er það undir hverjum og einum komið hvaða skilyrði markmið þurfa að uppfylla til að lenda á listanum. Mælt er þó með því, upp á að rækja nægilegt sjálfsaðhald, að stefna að því að markmiðin séu skilgreind á skýran hátt og að hægt sé að meta hvort þau teljist kláruð með auðveldum og mælanlegum hætti.

Lokafresturinn

Ákveðið var að nýta sömu dagsetningu lokafrestar og gert var fyrir sumarmarkmiðin 2015 og 2016, það er að segja fyrir kl. 00:00:00 þann 1. september 2017 (með uppfærðu ári). Lokafresturinn er sú tímasetning sem markmiði skal vera lokið, ellegar telst það óklárað þrátt fyrir að það klárast sekúnduna sem lokafrestunum ber upp á. Hann er skilgreindur sem ófæranlegur eftir að hann hefur verið formlega settur til að losna við þá freistingu að færa hann eftir að framkvæmd markmiðalistans er hafin. Þá þjónar hann jafnframt sem viðmið svo hægt sé að gera raunhæfari áætlanir hversu mikið hægt sé að klára yfir tímabilið.

Tillögur

Fyrsta auglýsingin eftir tillögum var birt á Facebook tímálínunni minni þann 12. apríl og á hana var minnt nokkrum sinnum það sem eftir var mánaðar. Lokaði ég síðan fyrir tillögur, þar á meðal mínar eigin, þann 1. maí. Þá nýtti ég mér einnig tillögur sem höfðu borist vegna fyrri sumarmarkmiðalista.

Minna var um það yfir sumarið heldur en fyrri ár að fólk væri að leggja fram tillögur löngu eftir að fresturinn rann út. Rekja má slíkt til þess að fólk sér ekki beiðnir mínar um tillögur fyrr en eftir lok frestsins eða sér þær alls ekki. Finna þarf viðunandi aðferð til þess að fækka slíkum tilfellum þannig að sem flestir geti lagt hugmyndir í púkkið, en þó með slíkum hætti að þær leiði ekki til íþyngjandi fyrirhafnar fyrir mig né virki sem uppáþrengjandi fyrir aðra.

Tillögufrestinn skal túlka eins strangt og lokafrestinn. Hann á bæði við um tillögur frá öðrum sem og manns eigin. Tillögur sem berast áður vegna fyrri markmiðalista ætti ekki að þurfa að senda inn aftur.

Utanaðkomandi tillögur voru aðeins fleiri en árið áður. Lögð var áhersla á að gefa ekki upp afstöðu mína til tillagnanna áður en tillögufrestinum lauk, sérstaklega ef þær voru lagðar fram munnlega. Hjá því var ekki komist í einhverjum tilvikum þegar það var bersýnilegt að þær uppfylltu ekki grunnskilyrðin fyrir sumarmarkmið, en ég lagði þá áherslu á að spyrja hvort hægt væri að finna nálgun sem væri hægt að vinna með.

Grundvallarforsendur markmiða

Markmið sett á listann þurfa að uppfylla nokkrar grundvallarforsendur til þess að rata á listann. Þær eru túlkaðar sem meginreglur og hafa þröngar undantekningar sem beita á í hófi. Eftir því sem reynsla hefur komist á framkvæmdina koma upp sífellt færri undantekningartilvik. Stundum gerist það af slysi og er reynt að læra af þeim atvikum til þess að lækka líkurnar á að það endurtaki sig.

Mælanleikareglan

Reglan gerir það að verkum að markmið skuli vera mælanleg með hlutlægum hætti, sem sagt án þess að tilfinningalegt mat eða ágiskanir ráði of miklu. Því mælanlegri sem árangur markmiðs er, því erfiðara verður að koma með eftir-á-túlkanir í þeim tilgangi að veita afslætti af kröfum þess.

Nauðsynlegt er í sumum tilvikum að beita tilfinningalegu mati eða ágiskunum og þarf því að túlka þessa reglu sem meginreglu sem hafi þó undantekningar. Bæði þarf að gæta þess að túlka hana ekki á þann hátt að hún beinlínis hindri mann í að ná markmiðunum en heldur ekki þannig að hún verði til þess að árangurinn verði of óljós.

Oft eru tilvik þar sem ekki er hægt að mæla einstaka þætti markmiðsins með hlutlægum hætti eða fyrirhöfnin til að koma á slíkri mælingu teldist mér bersýnilega ofviða. Þrátt fyrir slík sjónarmið er með öllu forðast markmið þar sem grundvöllur þess að það teljist klárað byggist (nær) einvörðungu á tilfinningalegu áliti, eins og að ég sé ánægður með eitthvað eða sáttur, og hið sama gildir um mælikvarða sem byggjast á slíku mati af hálfu annarra.

Reglan um augljós lok

Reglan um augljós lok helst mikið í hendur við mælanleikaregluna og leiðir fram tvíþætta viðbót: Fyrst og fremst að markmiðið hafi skilgreindan endi og að það sé augljóst hvenær þeim áfanga er náð. Því má samkvæmt meginreglunni ekki skilgreina markmið án þess að hafa skilgreint fyrirfram hvenær það telst klárað og að það sé fyrir fram augljóst þegar það gerist. Til að mynda bannar reglan skilgreiningu markmiða sem teldust mælanlegt en hefðu skilgreiningar sem myndu byggjast á því að viðkomandi myndi gera eitthvað eins oft og þolinmæðin leyfði. Séu lok markmiðs of óljós getur það leitt til frestunaráráttu eða það mikillar óvissu að réttmætar efasemdir muni koma fram síðar varðandi hvort það hafi í raun talist klárað eður ei.

Raunhæfisreglan

Raunhæfisreglan kveður á um að hægt verði að ná hverju og einu markmiði fyrir lokafrestinn og að það verði að vera raunhæft að gera það með hliðsjón af öðrum markmiðum sem liggja fyrir sem og öðru sem liggur fyrir yfir tímabilið. Hún leggur því bann við því að setja svo mörg markmið á listann að það sé fræðilegur ógerningur að klára þau öll eða krefðist svo mikillar vinnu að viðkomandi yrði að ofkeyra sig líkamlega og/eða andlega svo það teljist raunhæft að klára þau öll.

Ítrekað er að reglan kveður á um að það sé raunhæfur möguleiki að viðkomandi persónulega geti almennt klárað það sem og gert það innan tímabilsins.

Röðun á markmiðalistann

Þegar tillögufrestinum lýkur þarf að vinna úr þeim tillögum sem liggja fyrir. Hafa þarf í huga að eingöngu er um tillögur að ræða og að maður er ekki bundinn við að setja þær á markmiðalistann. Einnig þarf að hafa í huga að synja ekki utanaðkomandi tillögum blákalt á þeim forsendum að þær uppfylla ekki skilyrðin ef það vantar ekki mikið upp á. Þau sem leggja þær til eiga að minnsta kosti skilið að maður leggi í smá vinnu við að sjá hvort hægt sé að aðlaga þær.

Þegar unnið er úr tillögunum þarf bæði að horfa til tillögunnar sjálfrar sem og markmiðanna sem þegar hafa verið sett inn. Í heildina ætti að stefna að því að það sé raunhæft að klára öll markmiðin á listanum fyrir lokafrestinn. Áætlanir geta hins vegar skorðast af ýmsum ástæðum, þar á meðal vegna utanaðkomandi þátta sem geta hvort sem er hraðað vinnslu markmiðs eða gert manni ókleift að vinna í því á tilteknu tímabili. Þá telst það ekki uppbyggjandi ef markmiði er synjað þar sem það var talið óraunhæft að vinna í því á tímabilinu en síðan koma upp sérstaklega hliðhollar aðstæður sem verða til þess að það klárast þrátt fyrir allt.

Leyst er úr fyrrgreindum aðstæðum með því að skipta markmiðalistanum upp í tvo hluta: aðalmarkmið og uppfyllingarmarkmið. Aðalmarkmið eru þau markmið sem viðkomandi vill sérstaklega vinna að og miðar við að þau klárast öll fyrir lokafrestinn. Uppfyllingarmarkmið eru samkvæmt nafninu þau markmið sem viðkomandi samþykkir að vinna að en án þess að gera kröfu um að þeim skuli ljúka fyrir frestinn. Áherslan ætti þó alltaf að vera á aðalmarkmiðin og forðast að vinna að uppfyllingarmarkmiðum fram yfir aðalmarkmið nema aðstæður hverju sinni réttlæti það sérstaklega.

Færri markmið voru samþykkt inn á listann í ár og færri þeirra voru eins stórtæk og áður. Helgaðist þetta af tveimur útlandaferðum sem þegar lágu fyrir. Jafnframt var skapað svigrúm fyrir tvö möguleg ferðalög til landsbyggðarinnar sem voru í umræðuferli. Hin síðarnefndu ferðalög nutu ekki eins mikils svigrúms þar sem talið var nokkuð öruggt að ég myndi á sama tíma geta nýtt þau til þess að vinna í markmiðum (með samþykki/samvinnu gestgjafa). Ekki hafði verið gert sérstakt ráð fyrir upphafi námstímabilsins í lok ágústmánaðar þar sem samþykkt umsóknar minnar um inngöngu í lagadeild Háskóla Íslands lá ekki fyrir.

Eftirfylgni með tillögum

Fólki list almennt vel á að það fái persónulegar tilkynningar um afdrif tillagna sinna sem það leggur fram. Þó er betra að vera ekki með of tíðar tilkynningar og takmarka það við þegar markmiðið sem tillagan er byggð á er komin á endanlega markmiðalistann sem og þegar markmiðið er klárað, og mögulega ef mikilvægum áfanga sé lokið. Ef það klárast ekki, að láta viðkomandi vita eftir lokafrestinn. Betra er að eiga ekki frumkvæðið um að láta fólk vita um að tillögur þeirra hafi ekki verið settar á tiltekinn markmiðalista, enda gæti slíkt latt fólk frá því að leggja fram tillögur síðar.

Staða ókláraðra markmiða eftir lokafrestinn

Mikilvægt er að túlka það ekki sem svo að þó markmið sé ekki klárað fyrir lokafrestinn, þá teljist það ekki óklárað um aldur og ævi, heldur þjónar það eingöngu sem mælikvarði vegna tiltekins sumarmarkmiðalistans. Ýmsar skýringar geta verið á því af hverju ekki tókst að klára tilteknum markmiðum innan lokafrestsins, hvort sem ástæðurnar megi rekja til ytri eða innri þátta.

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2017

Eftir því sem markmiðin eru fleiri, því líklegra er að einhver þeirra klárast ekki. Hið sama gildir um eðli markmiðanna sjálfra. Það er ekki hægt að sjá fyrir öllum mögulegum aðstæðum og ef það væri reynt myndi meirihluti tímabilsins fara í undirbúning listans sjálfs og samt sem áður væri vel mögulegt að upp komi óvæntar aðstæður eða upplýsingar sem viðkomandi gerði ekki ráð fyrir. Einhverjar svoleiðis aðstæður komu upp við framkvæmd sumarmarkmiðalistans nú í ár. Rétt væri að beinlínis gera ráð fyrir því að klára þau ekki öll, en reyna þó að komast eins nálægt því og hugsast getur.

Markmið tímabilsins

Alls 22 aðalmarkmið og 23 uppfyllingarmarkmið voru samþykkt inn á sumarmarkmiðalistann í ár. Fylgir hér listi yfir þau og stöðu þeirra við lokafrestinn.

Aðalmarkmið

Titill	Athugasemdir	Staða við lokafrest
Klára að skanna 10 árganga af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995		Klárað
Fara þrisvar í sund		Klárað
Lesi bók um málefni sem ég veit lítið eða ekkert um		Klárað
Hlusta á sjö hljóðbækur		Klárað
Klára einn leik af París		Klárað
Hringja úr almenningssíma		Klárað
Skjóta minnst 10 skotum úr skammbyssu		Klárað
Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum	Heildarfjöldi bréfaþósta lá ekki fyrir.	Óklárað (342 af 343+)
Klára húsnúmerasöfnun fyrir OpenStreet-Map í tilteknum fjölda sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins		Óklárað (1 af 3 lokið)
Fara á aðalmeðferð í a.m.k. einu dómsmáli fyrir héraðsdómi og Hæstarétti		Klárað
Bæta tiltekinn fjölda af greinum á íslensku Wikipediu með því að þýða gæða- og/eða úrvalsgreinar á ensku Wikipediu	Fjöldi greina var skilgreindur sem tvær talsins.	Óklárað (0 af 2 lokið)
Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður		Klárað
Fara í sjósund í Nauthólsvík		Klárað
Halda matardagbók í a.m.k. sjö samfellda daga		Klárað

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2017

Titill	Athugasemdir	Staða við lokafrest
Setja inn 500 hljóðupptökur á Wikimedia Commons þar sem borin eru fram ýmis íslensk sérheiti		Óklárað (305 af 500 lokið)
Horfa á tiltekinn fjölda kvikmynda sem ég hef ekki séð af topp 250 lista IMDb	Fjöldi kvikmynda var skilgreindur sem tíu talsins.	Óklárað (1 af 10 lokið)
Faðma stórt tré		Klárað
Reisa spilahús (card house)		Óklárað
Fara í handsnyrtingu og fót snyrtingu		Klárað
Púsla púsl		Klárað
Taka stiga í þrjá (aðskilda) daga en aldrei lyftu		Klárað
Sjá „sjálfstæða kvikmynd“ í kvikmynda-húsi		Klárað

Uppfyllingarmarkmið

Titill	Athugasemdir	Staða við lokafrest
Klára að skanna alla árgangana af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 sem ég hef í fórum mínum		Óklárað (9 árgöngum lokið umfram aðalmarkmið)
Gróðursetja tré		Óklárað
Fara til Vestfjarða		Óklárað
Synda í Bláa lóninu		Óklárað
Kíkja í heimsókn á Árbæjarsafn þegar Hafdís er að spinna á rokkin og kema ull		Klárað
Fara til Austurlands		Óklárað
Fara á ströndina við Vík		Óklárað
Fara á Þórsmörk		Óklárað
Sjá Jökulsárlón		Klárað
Baka súkkulaði Rice Krispies muffins kökur		Óklárað
Prjóna eitthvað		Óklárað
Fara í myndatöku í ljósmyndaklefa/-bás með öðrum		Klárað
Ganga á stultum		Óklárað

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2017

Titill	Athugasemdir	Staða við lokafrest
Setja skiptimynt í stöðumæli einhvers með útrunnum tíma		Klárað
Taka ákveðnar margar myndir fyrir greinar á íslensku Wikipediu sem ekki hafa þá þegar mynd af viðfangsefninu	Fjöldi mynda var skilgreindur sem fimm talsins.	Óklárað (0 af 5 lokið)
Fara einn hring í kringum landið		Óklárað
Prófa Segway		Óklárað
Hvalaskoðun		Óklárað
Hestatúr		Óklárað
Sjóstangaveiði		Óklárað
Stíga fæti á jökul		Óklárað
River rafting		Óklárað
Fljóta á kajak		Óklárað

Samanber töflurnar fyrir ofan kláraði ég 16 af alls 22 aðalmarkmiðum og 4 af alls 23 uppfyllingar-markmiðum. Í heildina tel ég árangurinn nokkuð góðan þrátt fyrir ýmsa vankanta á framkvæmdinni.

Áfangatímatafla

Skráning helstu áfanga sumarmarkmiðanna er ágætlega takmörkuð þar sem hún er afmörkuð við mælanlegu þætti markmiðanna. Hér má finna lista yfir áfangana í úmaröð:

Dagsetning	Sumarmarkmið	Áfangi
16. maí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók fimm myndir (5/42)
18. maí	Klára að skanna tíu árganga af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995	1988 (1/10)
18. maí	Hlusta á sjö hljóðbækur	Solving the Procrastination Puzzle (1/7)
19. maí	Fara þrisvar í sund	Árbæjarlaug (1/3)
19. maí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók tvær myndir (7/42)
21. maí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók eina mynd (8/42)
22. maí	Hlusta á sjö hljóðbækur	Hitchiker's Guide to the Galaxy (1. bókin) (2/7)
22. maí	Halda matardagbók í a.m.k. sjö samfellda daga	Lokið (16. maí til og með 22. maí)

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2017

Dagsetning	Sumarmarkmið	Áfangi
23. maí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók eina mynd (9/42)
24. maí	Klára að skanna tíu árganga af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995	1957, og 1958 (3/10)
24. maí	Hlusta á sjö hljóðbækur	Hitchiker's Guide to the Galaxy (2. bókin) (3/7)
24. maí	Fara á aðalmeðferð í a.m.k. einu dómsmáli fyrir héraðsdómi og Hæstarétti	Mál nr. 768/2016 fyrir Hæstarétti (1/2)
25. maí	Hlusta á sjö hljóðbækur	Hitchiker's Guide to the Galaxy (3. bókin) (4/7)
28. maí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók fimm myndir (14/42)
29. maí	Klára að skanna tíu árganga af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995	1959, 1960, 1961, og 1962 (7/10)
29. maí	Hlusta á sjö hljóðbækur	Hitchiker's Guide to the Galaxy (4. bókin) (5/7)
31. maí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók þrjár myndir (17/42)
1. júní	Klára að skanna inn bréfapóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum	Skannaði inn 1 bréfapóst (1/343+)
2. júní	Klára að skanna tíu árganga af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995	1963, og 1966 (9/10)
3. júní	Klára að skanna tíu árganga af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995	1967 (lokið)
3. júní	Klára að skanna alla árgangana af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 sem ég hef í fórum mínum	1968 (1 umfram aðalmarkmið)
3. júní	Hlusta á sjö hljóðbækur	Hitchiker's Guide to the Galaxy (5. bókin) (6/7)
4. júní	Klára að skanna alla árgangana af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 sem ég hef í fórum mínum	1969 (2 umfram aðalmarkmið)
5. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók eina mynd (18/42)
5. júní	Klára að skanna alla árgangana af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 sem ég hef í fórum mínum	1970 (3 umfram aðalmarkmið)
6. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók sex myndir (24/42)

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2017

Dagsetning	Sumarmarkmið	Áfangi
6. júní	Lesi bók um málefni sem ég veit lítið eða ekkert um & Hlusta á sjö hljóðbækur	Seeing Voices: A Journey Into the World of the Deaf (lokið)
6. júní	Klára að skanna alla árgangana af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 sem ég hef í fórum mínum	1971 (4 umfram aðalmarkmið)
7. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók eina mynd (25/42)
7. júní	Taka stiga í þrjá (aðskilda) daga en aldrei lyftu	1/3 lokið
8. júní	Setja skiptimynt í stöðumæli einhvers með útrunnum tíma	Setti 100 kr. í stöðumæli í miðborg Reykjavíkur (lokið)
8. júní	Fara á aðalmeðferð í a.m.k. einu dómsmáli fyrir héraðsdómi og Hæstarétti	Mál nr. S-183/2017 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur (lokið)
8. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók þrjár myndir (28/42)
8. júní	Klára að skanna alla árgangana af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 sem ég hef í fórum mínum	1972 (5 umfram aðalmarkmið)
8. júní	Taka stiga í þrjá (aðskilda) daga en aldrei lyftu	2/3 lokið
9. júní	Fara í handsnyrtingu og fót snyrtingu	Fótsnyrting og handsnyrting (lokið)
9. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók eina mynd (29/42)
10. júní	Klára að skanna alla árgangana af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 sem ég hef í fórum mínum	1973, og 1974 (7 umfram aðalmarkmið)
11. júní	Klára að skanna alla árgangana af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 sem ég hef í fórum mínum	1975, og 1976 (9 umfram aðalmarkmið)
13. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók eina mynd (30/42)
14. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tók tólf myndir (lokið)
30. júní	Hringja úr almenningssíma	Var í Lundúnum og hringdi í númerið 123 hjá British Telecom (lokið)
6. júlí	Taka stiga í þrjá (aðskilda) daga en aldrei lyftu	Lokið
11. júlí	Fara þrisvar í sund	Salalaug (2/3)
12. júlí	Skjóta minnst 10 skotum úr skammbyssu	Lokið

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2017

Dagsetning	Sumarmarkmið	Áfangi
21. júlí	Sjá „sjálfstæða kvikmynd“ í kvikmyndahúsi	Welcome to Norway í Bío Paradís (lokið)
26. júlí	Faðma stórt tré	Tré í Hólavallakirkjugarði (lokið)
2. ágúst	Sjá Jökulsárlón	Lokið
3. ágúst	Klára húsnumerasöfnun fyrir OpenStreetMap í tilteknum fjölda sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins	Höfn í Hornafirði (1/3)
3. ágúst	Fara þrisvar í sund	Sundlaug Hafnar í Hornafirði (lokið)
6. ágúst	Kíkja í heimsókn á Árbæjarsafn þegar Hafdís er að spinna á rokkinn og kemba ull	Lokið
7. ágúst	Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum	Skannaði inn 100 bréfaþósta (101/343+)
11. ágúst	Horfa á tiltekinn fjölda kvikmynda sem ég hef ekki séð af topp 250 lista IMDb	Inglourious Basterds (1/10)
16. ágúst	Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum	Skannaði inn 30 bréfaþósta (131/343+)
17. ágúst	Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum	Skannaði inn 27 bréfaþósta (158/343+)
22. ágúst	Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum	Skannaði inn 23 bréfaþósta (181/343+)
23. ágúst	Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum	Skannaði inn 15 bréfaþósta (196/343+)
23. ágúst	Fara í sjósund í Nauthólsvík	Lokið
23. ágúst	Fara í myndatöku í ljósmyndaklefa/-bás með öðrum	Fór með Jóhannesi Munda í ljósmyndaklefan/-básinn í Firði, Hafnarfirði (lokið)
26. ágúst	Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum	Skannaði inn 87 bréfaþósta (283/343+)
27. ágúst	Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum	Skannaði inn 55 bréfaþósta (338/343+)
29. ágúst	Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum	Skannaði inn 4 bréfaþósta (342/343+)

Dagsetning	Sumarmarkmið	Áfangi
29. ágúst	Klára einn leik af París	Lokið
31. ágúst	Setja inn 500 hljóðupptökur á Wikimedia Commons þar sem borin eru fram ýmis íslensk sérheiti	305 hljóðupptökur (305/500)
31. ágúst	Púsla púsl	700 stykkja kattapúsl (lokið)

Skýringar og lærdómur af framkvæmdinni

Ástæður þess að sum aðalmarkmið voru ekki kláruð voru ýmsar. Meðal slíkra markmiða voru einhver sem, við fyrstu sýn, virðast auðframkvæmanleg en reynast það svo ekki þegar á reynir og síðan kemur ýmiss klaufaskapur til greina. Fylgja hér því athugasemdir um framkvæmd allra aðalmarkmiða sem ég náði ekki að klára ásamt athugasemdum varðandi önnur markmið eftir því sem við á.

Klára að skanna tíu árganga af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 & Klára að skanna alla árgangana af bindum með hæstaréttardómum 1920-1995 sem ég hef í fórum mínum

Sambærileg markmið voru sett árið 2015 og 2016 er gengu út á sömu hugsjón, sem sagt að klára að skanna öll bindin af hæstaréttardómum þessa tímabils. Árið 2015 var markmiðið á þann veg að klára ætti verkið í heild sinni og var stórlega vanmetið hversu mikinn tíma það myndi taka. Veturinn þar á eftir var sóst eftir tilboði um að skera bækurnar og var það gert. Árið eftir (2016) var ákveðið að fækka árgöngunum, þrátt fyrir að búið væri að framkvæma bókaskurðinn, upp á að lenda ekki aftur í sömu mistökunum. Hæfilegur fjöldi árganga var settur sem 20 talsins þar sem skönnunin ein og sér ætti ekki að taka rosalegan tíma, en samt gætt smá hófs. Skanninn bilaði það sumarið og því náðust eingöngu 16 árgangar það sumarið. Þegar kom að sumarmarkmiðalista ársins 2017 var þeim fækkað niður í 10 árganga og tókst að ljúka því ásamt 9 árgöngum umfram það er taldir voru til sambærilegs uppfyllingarmarkmiðs.

Þegar árangur markmiðsins er skoðaður sem ein heild þarf að líta til þess að um er að ræða þrjú skipti sem markmiðið er sett. Einhver skref voru stigin í samræmi við þá hugsjón utan sumarmarkmiðatímabilanna en sé árangurinn yfirfærður á tímabilið í heild í stað þess að tengja hann eingöngu við sumarmánuði þeirra ára, þá sýnist mér verkið ekki ganga nógu hratt í heildina. Yfir vetrarmánuðina er framkvæmdin ekki nálægt því eins hröð og yfir sumarmánuðina. Þetta má að einhverju leiti skýra með því að það reynir frekar á aðrar skyldur mínar yfir vetrarmánuðina en ég tel þá skýringu ekki fullnægjandi.

Hvatinn til að halda áfram með verkið þegar skilgreint sumarmarkmið liggur fyrir er auðvitað meiri, en betur má ef duga skal. Með þessu áframhaldi myndi verkið taka nokkur ár í viðbót, sem er langt frá því að teljast ásættanlegt. Finna þarf farveg fyrir verkið sem leiðir til meiri árangurs yfir vetrartímann.

Hvað uppfyllingarmarkmiðið varðar voru gerð skilgreiningarmistök í sambærilega markmiðinu fyrir árið 2016 er sneri að því að það var líklega ókláranlegt, þar sem ég hafði ekki alla árgangana það tímabilið. Ég taldi að leiðréttingin fyrir lista þessa árs væri fullnægjandi en svo reyndist ekki. Þegar vinna stóð yfir við dómabindaskönnun kom í ljós að það vantaði eitt bindið í árgang sem

Þegar var til staðar, og því væri ekki hægt að klára þann árgang. Meiningin með leiðréttingunni var sú að kveða á um að klára að skanna inn öll bindin, en þá var ekki gert ráð fyrir því að það gæti vantað bindi í árgang sem þegar væri þegar til staðar. Horfa þarf til þessa ef sambærilegt markmið verður sett í framtíðinni.

Klára einn leik af París

Þó markmiðið hafi verið klárað voru samt nokkrir vankantar á framkvæmdinni því of mikil hætta var á því að það hefði ekki klárast, enda gerðist það ekki fyrr en þann 29. ágúst, á seinustu sólarhringum lokafrestsins. Dagana áður hafði rignt nokkuð mikið og ef rigningarveðrið hefði haldið áfram út mánuðinn hefði það líklega ekki klárast. Til þessa þarf að horfa með hliðsjón af því að sumarið innihélt marga góðviðrisdaga og að framkvæmd markmiðsins myndi teljast auðveld. Skrefin sem voru farin hefðu undir eðlilegum kringumstæðum talist auðveld en hins vegar urðu oft umtalsverðar tafir milli þeirra sem urðu síðan til þess að þessi hætta skapaðist.

Ein hugmyndin var að vera það sniðugur að klára leikinn í borginni París, fyrst ég væri að fara þangað. Hins vegar varð ekki úr þeirri framkvæmd þar sem ég var búinn að setja þá hugmynd í hausinn á mér að kaupa krítarnar í París ef ég væri ekki búinn að finna slíkar á Íslandi. Þegar kom að því að hugsa út í framkvæmdina í París, þá kom betur í ljós að það yrði örugglega of erfitt að finna slíka vöru í erlendu landi með þann takmarkaða tíma sem væri til umráða.

Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. maí 2017 og er enn í fórum mínum

Á sumarmarkmiðalistann 2015 setti ég markmið sem titlað var „Flokka pappíra og annað dót í stofuherberginu. Henda eftir þörfum.“ og aftur á lista ársins 2016. Í hvorugt skiptið kláraði ég það markmið þó einhver árangur hafði náðst í þeim efnunum. Hins vegar vildi ég ekki setja það aftur í sama formi í þriðja skiptið og taldi vandamálið meðal annars felast í því að það væri í raun illmælanlegt.

Farin var sú leið að brjóta fyrri markmiðið niður og skilgreina sem skönnun bréfaþósts. En það leysti hins vegar ekki allt vandamálið þar sem ég hafði ekki tölu á heildarfjölda bréfaþóstanna og þeir voru ekki á einum aðgengilegum stað. Einnig hefði verið gríðarleg vinna að fara í gegnum bréfaþóstana og fá tölu á þann fjölda sem myndi uppfylla þau nánari skilyrði sem gætu verið sett við vinnslu tillögunnar. Þá taldist það of ósanngjarnt og svekkjandi ef mistök við talninguna hefðu leitt til þess að hún gæfi upp hærri tölu en bréfaþóstarinn (sem uppfylltu skilyrðin) væru. Því var farin sú leið að kveða á um að leit fyrir tiltekinn dag yrði að fara fram fyrir tiltekna dagsetningu og að bréfaþóstar sem fyndust ekki þrátt fyrir þá leit myndu ekki telja gegn markmiðinu. Sumarmarkmiðið var að lokum samþykkt með áðurgreindum forsendum.

Í framkvæmdinni komu í ljós ýmsir vankantar á framkvæmdinni sem og skilgreiningunum. Ein af þeim sem kom snemma í ljós var bréfaþóstur sem hafði engan póststimpil en hafði augljóslega verið borinn út á vegum Íslandspósts. Ákveðið var að skanna þann póst og merkja sem slíkan, og síðar var ákveðið að telja hann með sem hluta af markmiðinu. Umtalsvert stærri vankantur varð þegar fresturinn til að leita í íbúðinni leið án þess að ég hefði framkvæmt leitina sem yrði forsenda þess að þá ófundinn bréfaþóstur myndi ekki telja gegn markmiðinu. Orsökina mátti rekja til yfirsjórnar í skipulagningunni. Ljóst var þá að komin væri upp sú staða að markmiðið gæti mögulega verið bæði klárað og óklárað þegar lokafrestunum bæri upp, í því tilviki að ég myndi klára að skanna allan

bréfaþóst sem ég fyndi. Til þess að forðast þá stöðu ákvað ég frekar að halda áfram með markmiðið en skilja eftir einn bréfaþóst sem ég myndi síðan skanna inn eftir lokafrestinn. Raunin varð hins vegar sú að fleiri bréfaþóstar en einn voru óskannaðir þegar lokafresturinn leið. Miðað við þann árangur sem náðst var við að grynna fjallið af óskönnuðum bréfaþósti syrgi ég það ekki.

Þrátt fyrir ásættanlegan árangur þarf samt að skoða leiðir til þess að minnka líkurnar á að sambærileg vandræði eigi sér stað í framtíðinni. Þau úrræði sem áttu að verða til þess að láta markmiðið uppfylla grunndvallarforsendurnar, dugðu að endingu ekki. Ekki er vitað um töfralausn í þessu sambandi sem yrði til þess að gera endalok slíks markmiðs auðmælanlegri. Sá lærdómur liggur samt fyrir að hugsa þarf betur út í „hvað ef það gengur ekki upp?“ spurninguna þegar sambærilegar skilgreiningar eru íhugaðar í framtíðinni.

Klára húsnúmerasöfnun fyrir OpenStreetMap í tilteknum fjölda sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins

Eftir að hafa klárað húsnúmerasöfnunina fyrir höfuðborgarsvæðið sumarið áður (2016) var ákveðið að setja sambærilegt markmið um tiltekinn fjölda þeirra utan höfuðborgarsvæðisins. Á vinnslutíma tillagnanna voru í gangi umræður um mögulegar tvær heimsóknir (með gistingu) á landsbyggðinni. Þær væri síðan hægt að nýta til þess að taka nokkur minni sveitarfélög. Huga þurfti samt að því að gistingin væri ekki trygg því ýmislegt gæti farið úrskeiðis og vildi ég því ekki láta árangur þessa markmiðs byggja á ferðalögum sem mögulega yrði ekkert úr.

Af þeim sökum var fjöldinn nokkuð varlega áætlaður og gert ráð fyrir að ég gæti náð að klára markmiðið með þeim sveitarfélögum sem væru nógu nálægt án þess að þurfa að gista þar. Eingöngu varð úr einni heimsókninni á landsbyggðina (á Höfn í Hornafirði) og náði ég að klára þann stað. Staðan varð þá sú að tvö sveitarfélög voru eftir og taldi ég Akranes og Borgarnes vera þau hentugustu. Ég náði að safna miklu í þeim sveitarfélögum en alls ekki nóg. Mikið rigningarveður í ágústmánuði setti strik í reikninginn og neyddist ég til þess að afskrifa markmiðið þegar upphaf skólatímabilsins nálgaðist.

Bæta tiltekinn fjölda af greinum á íslensku Wikipediu með því að þýða gæða- og/eða úrvalsgreinar á ensku Wikipediu

Markmiðið hafði verið samþykkt sem sumarmarkmið árið 2016 og náði ég þá að klára eina grein af sex. Vinnan við þá einu grein tók nokkra daga. Hvatning barst um að reyna aftur við markmiðið og lét ég verða af því, en í þetta skiptið ákvað ég að lækka fjöldann niður í tvær. Þá gerði ég einnig ráð fyrir því að verkið ætti að verða einfaldara í þetta skiptið þar sem ég væri orðinn vanari ferlinu ásamt því að ég gæti örugglega fengið lánaða orðabók.

Hins vegar varð þetta eina aðalmarkmiðið sem ég lagði enga vinnu í. Ýmsar ástæður gætu komið til greina en sú sem mér dettur helst í hug er að fyrirhöfnin árið áður hafi verið það mikil að ég hafi ákveðið að setja önnur aðalmarkmið í meiri forgang.

Setja inn 500 hljóðupptökur á Wikimedia Commons þar sem borin eru fram ýmis íslensk sérheiti

Sumarmarkmiðið byggist á ókláruðu verkefni sem ég taldi að myndi ganga betur ef það væri í formi formlegs sumarmarkmiðs. Ekki efast ég um að 305 hljóðupptökur teljist til góðs árangurs en hjá því verður ekki komist að líta til þess að mikill hluti vinnunnar fór fram á seinustu dögum fyrir lokafrestinn.

Helstu skýringarnar á töfinni felast aðallega í vinnu við önnur markmið, veðurfarsástæðum, ásamt of hægs undirbúnings. Fyrstnefnda skýringin er nokkuð almenn og á við um mörg sumarmarkmið sem ekki er hægt að klára eða ganga of hægt, og því dugar hún ekki ein og sér. Önnurnefnda skýringin felst í því skipulagsvinnunni þar sem ákveðið væri að vinna í útimarkmiðum eða innimarkmiðum eftir veðráttu. Fyrstu tvo mánuðina var vinna markmiðsins skipulögð eins og hún væri innimarkmið þar sem hún væri aðallega framkvæmd heima hjá mér. Síðar í ferlinu byrjaði það að koma í ljós að þegar veðrið var ekki nógu gott til að vinna í útimarkmiði, var það jafnframt óhentugt til að vinna í hljóðupptökum, þar sem vindur og rigning framkalla óæskileg hljóð í upptökunum. Við þá uppgötvun var framvegis miðað við að skipuleggja það sem útimarkmið þó vinnan færi fram innandyra. Þriðja skýringin, þar sem hægur undirbúningur kemur til sögu, fólst í því að vinnan við að finna upptökuforrit og setja saman lista yfir sérheitin hefði átt að ganga hraðar fyrir sig.

Hinn skilgreindi fjöldi hljóðupptaka, 500 talsins, var líklega ofmetinn. Litið til baka hefði líklega átt að setja saman listann áður en markmiðið var skilgreint eða að minnsta kosti áætla fjöldann betur en gert var. Þó sérheitin á Íslandi séu miklu fleiri en 500 talsins hefði samt þurft að meta betur hversu mörg þeirra hefðu Wikipedia greinar. Með þessu er ekki verið að gefa til kynna að ég hafi klárað þau öll, en hins vegar varð erfiðara að finna fleiri flokka íslenskra sérheita. Ég hefði því líklega átt að ákveða með meiri fyrirvara hvaða flokka ég ætti að taka fyrir og nýta þann lista til að áætla fjöldann sem ég myndi taka sem hluta af markmiðinu.

Horfa á tiltekinn fjölda kvikmynda sem ég hef ekki séð af topp 250 lista IMDb

Sambærileg markmið voru á sumarmarkmiðalistunum fyrir árin 2015 og 2016 og kláruðust þá. Fjöldi kvikmynda fyrir markmiðið nú í ár var lægri en fyrri árin en samt sem áður kláraðist það ekki. Endaði það á því að ég horfði á eina kvikmynd af þeim tíu sem ég þurfti fyrir markmiðið. Helsta skýringin er væntanlega sú að topplistan inniheldur takmarkaðan fjölda kvikmynda sem maður hefur nokkuð mikinn áhuga á að sjá og eðlilegt að áhorf vegna fyrri markmiðalista minnka úrvalið, og dregur úr spenninum við að sjá þær sem eftir eru. Þá spilaði líka inn í að sumar þeirra voru langar og því erfiðara að taka frá tíma til að sjá þær.

Eitt fræðilegt álitaefni var uppgötvað á meðan framkvæmdinni stóð þetta sumarið, og felst það í því hvort kvikmyndin teldist með ef ég sé hana áður en hún ratar inn á IMDb topp 250 listann. Einnig gæti komið til álita hvornig skuli afgreiða tilvik þar sem ég sé kvikmynd á listanum en síðan er hún dottin af topplistanum þegar að lokafrestinum kemur.

Sambærilegar þælingar og varðandi markmiðið um skönnun hæstaréttardómanna koma til álita, óháð því að IMDb markmiðið kláraðist í bæði skiptin, ólíkt hinu. Aðstæðurnar eru ekki nákvæmlega eins þar sem dómabindin eru endanleg en kvikmyndalistinn tekur einhverjum breytingum frá ári til árs. Kvikmyndamarkmiðið er því í enn verri stöðu en dómaskönnunarmarkmiðið þegar kemur

að því að klára þau. Þessa þarf að markmiðalisti hvers árs verði ekki að föstum verkefnalista þar sem ekki sjái fyrir endann á því hvenær tiltekið markmið dettur endanlega út. Tilgangurinn með að setja markmið á listann er þó ekki alltaf sá að klára eitthvað endanlega það tímabilið, eða vinna eingöngu að markmiðum sem geta fræðilega klárast. Samt sem áður þarf að spyrja sig hvort viðeigandi sé að hafa sama eða sambærilegt markmið ár eftir ár.

Reisa spilahús (card house)

Strax við birtingu sumarmarkmiðalistans kom sú ábending að hugtakið ‚card house‘ á ensku væri ‚spilaborg‘ á íslensku. Þar sem listinn var þegar birtur og mistökin gætu verið túlkuð sem efnisleg, var ákveðið að leiðrétta ekki þýðinguna upp úr þessu. Vísað verður samt um þetta markmið sem spilaborgarmarkmiðið.

Gerð var tilraun þann 30. ágúst til þess að klára markmiðið en það gekk ekki. Ein ástæðan fyrir því að tilraunin var ekki framkvæmd fyrr var sú að ekki var nægt pláss í verkið þar sem stofuborðið var að hýsa mikið af hlutum. Þetta markmið, ásamt púslmarkmiðinu, virkuðu sem óbeinir hvatar til tiltektar á stofuborðinu. Þessi tvö markmið voru sem sagt liður í niðurskiptingu markmiðsins „Flokka pappíra og annað dót í stofuherberginu. Henda eftir þörfum.“ sem sett hafði verið á sumarmarkmiðalista árána 2015 og 2016. Einn vandinn við skilgreiningu þess markmiðs var að það vantaði mælanlegan kvarða á hvenær því teldist lokið, og var púslmarkmiðið og spilaborgarmarkmiðið sameiginlegur liður í því að ná árangri í þeim efnun. Púslmarkmiðið kláraðist en ekki spilaborgarmarkmiðið.

Nánari ástæða þess að spilaborgarmarkmiðið náðist ekki var að spilin sem voru notuð voru ekki nógu flöt. Sá eiginleiki gerir það erfiðara að reisa aðra hæð spilaborgarinnar þar sem spilin á hæðinni að neðan voru bogin. Tilraunir til þess að beygja spilin aðeins til þess að gera þau flatari dugðu ekki til að bæta úr þessu. Eftir margar tilraunir var ákveðið að afskrifa markmiðið og farið að púsla. Þann lærdóm má draga af þessu að redda efniviðnum fyrir markmiðin sem fyrst, þrátt fyrir að ekki sé hægt að framkvæma þau strax eða eðlilegt að framkvæmd þeirra bíði.

Uppfyllingarmarkmið

Vegna eðlis uppfyllingarmarkmiða er ekki sett sú krafa að útskýra af hverju einstaka markmið á þeim lista var ekki klárað. Umfjöllun um uppfyllingarmarkmiðið varðandi skönnun hæstaréttar-dóma var sameinuð umfjölluninni um aðalmarkmiðið þar sem þau væru svo nátengd.

Endurtekning markmiða

Eitthvað var um það að markmið voru sett aftur á sumarmarkmiðalistann þrátt fyrir að þau hafi verið sett á fyrri markmiðalista, hvort sem tekist hafi verið að klára þau á sínum tíma eða ekki. Ekki hefur verið sett nein meginregla sem fjallar um endurtekningu á markmiðum enda var engin teljandi reynsla komin á því sviði. Á móti glittir í einhverjar vísbendingar um hefðir í mótun. Ein þeirra er sú að mikill tregi er við að samþykkja endurtekið markmið óbreytt ef enginn árangur var skiptið áður. Ástæðurnar fyrir vanframkvæmdinni eru þá metnar og þá séð hvort það sé óhætt að reyna við það aftur.

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2017

Passa verður sérstaklega að endurtekning markmiða hafi ekki neikvæði áhrif á fjölbreytni listanna á þann hátt að listarnir verði einsleitir að undanskildum fáeinum markmiðum. Annars ýtir það á endanum undir þá tilfinningu að óhætt sé að fresta framkvæmd markmiðanna yfir á næsta skiptið, sem áfram leiði til þess að markmiðalistarnir missi marks. Af þeim sökum þarf að koma á einhverri reglu sem lækkar líkurnar á því. Athuga þarf þó að skiljanlegt gæti verið að sum markmið komi endurtekið fram á listanum í einhvern tíma, en þá þurfa þær ástæður að vera meðvitaðar og sérstaklega passað upp á fjölda markmiða sem eru sett með endurteknum hætti í hvert skiptið.

Þegar markmið fer að birtast endurtekið þarf að skoða ástæður þess með hliðsjón af framkvæmdinni í hin skiptin. Þá þarf að skoða hvort endurskilgreina ætti markmiðið miðað við þær ástæður sem liggja að baki vanframkvæmdinni. Sömuleiðis þarf að endurmeta hvort markmiðið uppfylli í raun grundvallarforsendur markmiða, sem sagt mælanleikaregluna, regluna um augljós lok, og raunhæfisregluna.

Eitt fyrsta skrefið í þeim efnunum er að meta hvort áhuginn sé enn til staðar og/eða sé nógu mikilvægt. Liggja hvorugt fyrir gæti komið til greina að hætta að setja markmiðið aftur á listann þar til annaðhvort á aftur við. Annað sem kæmi til greina er að íhuga hvort önnur nálgun á markmiðinu væri vænlegri til árangurs.

Sé það talið of umfangsmikið væri hægt að minnka umfangið með því að krefjast minni árangurs en áður, eins og ef markmiðið hljómar upp á að hlaupa maraþon að minnka það þá í 5 eða 10 kílómetra, sjá síðan hvernig það tekst og í framhaldinu meta stöðuna út frá því. Fólk á það oft til að setja óraunhæf markmið og finnast þau síðan svo óviðráðanleg að þau gefast snemma upp eða byrji ekki einu sinni. Því gæti þurft að brjóta markmiðið niður í fleiri áfanga, jafnvel þótt það leiði til þess að markmiðinu klárast ekki eins snemma og viðkomandi myndi búast við.

Réttlættingar á ókláruðum markmiðum

Gera ætti beinlínis ráð fyrir því að ekki náist að framkvæma öll markmiðin á listanum og geta ýmsar skýringar legið að baki slíku fyrir hvert einstaka tilvik. Að því undanskildu að maður klári seinasta markmiðið rétt fyrir lokafrestinn er ætíð hætt á eftirsjá varðandi það að hafa ekki sett fleiri markmið á listann.

Markmiðalistinn ætti að vera settur upp til þess að veita ákveðið svigrúm þar sem fólk ætti að hafa val um það hvaða markmið ætti að koma til framkvæmda dag hvern. Auk þess geta ýmsir utanaðkomandi þættir orðið til þess að takmarka það hvaða markmiðum hægt sé að vinna í á hverjum tíma. Sé hvert einasta markmið klárað bendir það til þess, utan algerrar tilviljunar, að slíkt hafi ekki átt sér stað. Þá skal athuga að gangi svo vel eitt árið en ekki næsta ár, þá gæti viðkomandi orðið fyrir vonbrigðum.

Þetta þýðir þó ekki að fólk ætti að haga framkvæmdinni til að koma í veg fyrir það nái að klára allan listann, eins og með því að setja markmið á listann sem það veit að það getur ekki klárað. Raunhæfisreglan hefur fullt gildi hvað þetta varðar. Hjá því verður ekki komist að raunveruleikinn er ekki alltaf sá sem við höldum í upphafi, og því líklegt að við gerum ýmis mistök sem leiða til þess að markmiðin taki lengri tíma en við áætluðum í upphafi eða hreinlega klárast ekki innan frestsins.

Ein aðferðin mín til þess að leysa þetta vandamál er setning svokallaðra uppfyllingarmarkmiða, sem eru til uppfyllingar hinum markmiðunum, eins og nafnið bendir til. Um þau gilda ekki eins ströng skilyrði og gilda um aðalmarkmiðin þar sem þau mæta afgangi, eins og hægt sé að klára þau með hliðsjón af öðrum markmiðum. Athuga þarf samt að það þarf samt að vera hægt að klára þau, bæði almennt og að einhverju leiti með hliðsjón af öðru því sem er á dagskrá tímabilsins. Af þeim sökum yrði ekki talið við hæfi að setja inn uppfyllingarmarkmið sem væri ekki hægt að klára þótt ekki yrði unnið í neinu öðru markmiði á tímabilinu. Þau losna ekki undan öðrum kröfum sem grundvallarforsendurnar gera, sem sagt að árangur þeirra sé mælanlegur og auðvelt að sjá hvenær þeim telst lokið.

Samanburður við fyrri skipti

Eftir að búið er að meta árangurinn við framkvæmd sumarmarkmiðanna í þetta skiptið vaknar upp spurningin um tölfræðilegan samanburð við hin skiptin. Á þessari stundu er mér ekki kunnugt um neina aðferð sem væri bæði lýsandi og áreiðanleg. Sú fyrsta sem kæmi til hugar væri að bera saman fjölda kláraðra markmiða, sem hefur þó þann veikleika að hún er langt frá því að teljast lýsandi. Ástæðan felst í því að markmið eru miserfið og tímabil með herra hlutfall fyrirhafnarmikilla eða fljótafgreiddra markmiða gæti skekkt samanburðinn óhóflega.

Áður en farið væri djúpt í samanburðarpælinguna þarf að athuga hvort það sé yfirhöfuð þörf á tölfræðilegum samanburði. Tölfræðinördinn í mér væri án efa ánægður með samanburð á við þennan en sú forvitni ein og sér dugar ekki sem réttlætning. Ekki yrði nóg að geta komið með slíkan samanburð heldur þyrfti einnig að vita þýðingu þeirra upplýsinga og jafnframt hvaða lærdóm væri hægt að draga af þeim þegar þær lægju fyrir.

Í boði er þó að framkvæma ótölfræðilegan samanburð sem fælist í því að meta hvort lærdómur frá fyrri skiptum skilaði sér til þeirra síðari. Í þessari skýrslu er vísað til ýmissa hluta sem ég hef lært frá fyrri árum en skilað sér með mismiklum árangri sem ég tel óþarft að endurtaka þær hér.

Hvað er framundan?

Nú er lokið þriðja sumarmarkmiðatímabilinu og því komin einhver reynsla. Ýmiss lærdómur hefur áunnist yfir árin og þá sérstaklega þegar kemur að skipulagningu. Gera þarf þó betur í þeim efnum og mögulega athuga hvort aðrar aðferðir væru betri, einkum er kemur að því að lækka líkurnar á að markmið tefjist ekki óhóflega eða stoppi á „einföldum“ hlutum. Þá þarf einnig að setja fram einhver viðmið þegar kemur að endurtekningu á markmiðum til að tryggja betur fjölbreytni markmiðanna. Líklega þarf að bæta tillöguferlið til að hvetja utanaðkomandi aðila í að leggja fram fleiri tillögur að markmiðum. Ég tel að þörf sé á að skipuleggja utanumhaldið á framkvæmd sumarmarkmiðalistanna með meiri fyrirvara en gert hefur verið áður, bæði til þess að lækka líkurnar á mistökum við mögulega yfirhalingu og jafnframt til þess að veita svigrúm til þess hefja undirbúning næsta markmiðalista aðeins fyrr en áður.

Vonast er til þess að skrif þessarar skýrslu sem og síðari gagnrýnin á efni hennar verði til þess að frekari lærdómur ávinnist vegna framkvæmdar sumarmarkmiðanna þetta árið sem nýtist í framtíðinni.

Nánari upplýsingar um sumarmarkmiðarátakið er að finna á <https://kjarrval.is/sumarmarkmid>.

© Svavar Kjarrval. Dreifing hennar er háð Creative Commons Zero dreifingarleyfinu.